

# Verklagsreglur Orlofssjóðs OBHM

*Upphaflega samþykktar á stjórnarfundum Orlofssjóðs OBHM 5. apríl 2001.*

*Sbr. 5. t.l. 6. gr. skipulagsskrár sjóðsins með síðari breytingum<sup>1</sup>*

## Efnisyfirlit

1. Almennar upplýsingar og réttur sjóðfélaga.....	1
2. Leiga á úthlutunartímabilum.....	2
3. Leiga utan úthlutunartímabila.....	4
4. Endurgreiðslur.....	5
5. Skyldur sjóðfélaga.....	8
6. Persónuvernd.....	9
7. Önnur ákvæði.....	9

---

<sup>1</sup> Breytingar samþykktar á stjórnarfundum 7. maí 2001, 5. september 2001, 9. janúar 2002, 30. janúar 2002, 8. maí 2002, 5. júní 2002, 17. júlí 2002, 9. október 2002, 6. nóvember 2002, 8. janúar 2003, 5. febrúar 2003, 5. mars 2003 og 2. apríl 2003, 4. febrúar 2004, 18. ágúst 2004, 1. september 2004, 6. október 2004, 3. nóvember 2004, 1. febrúar 2005, 12. apríl 2005, 27. september 2006, 28. nóvember 2006, 11. desember 2007, 9. desember 2008, 13. janúar 2009, 2. mars 2010, 6. desember 2011, 13. nóvember 2012, 12. nóvember 2013, 9. desember 2014, 10. nóvember 2015, 10. desember 2019, 12. janúar 2021, 11. maí 2021 og 1. október 2021.

# 1. Almennar upplýsingar og réttur sjóðfélaga

---

## a) *Almennt*

Um rétt sjóðfélaga gildir skipulagsskrá Orlofssjóðs OBHM<sup>2</sup>, ásamt gildandi verklagsreglum sjóðsins. Sjóðaðild byggir almennt á því að greitt sé til sjóðsins mánaðarlegt framlag sem miðast við 0,25% af heildarlaunum. Mánaðarleg ávinnsla orlofspunkta er að hámarki 4 punktar. Punktaávinnsla miðast eingöngu við greiðslu framlags, árgjalds eða ævigjalds. Orlofspunktar ávinnast ekki ef greiðslur til sjóðsins falla niður en réttur til nýtingar orlofskosta sjóðsins helst óskertur, sbr. c og d-lið þessarar greinar. Punktastaða er uppfærð í upphafi árs.

## b) *Leigugjald orlofskosta*

Sjá verðskrá á orlofsvef sjóðsins.

## c) *Árgjald*

Atvinnuleitendur<sup>3</sup> og öryrkjar<sup>4</sup> sem óska eftir áframhaldandi aðild auk þeirra sjóðfélaga sem leita sér endurmenntunar eða eru í launalausum leyfi frá starfi<sup>5</sup>, sbr. 2. mgr. 8. gr. í skipulagsskrá, skal vera kr. 3.000,- og jafngilda ávinnslu 48 punkta.

## d) *Fæðingarorlof*

Sjóðfélagar njóta óskertra réttinda í fæðingarorlofi, enda greiði þeir stéttarfélagsgjöld af greiðslum úr Fæðingarorlofssjóði.

## e) *Dagpeningar úr Sjúkra- eða Styrktarsjóði BHM*

Þeir sjóðfélagar sem þiggja dagpeninga úr sjúkra-eða styrktarsjóði og nutu fullra réttinda í orlofssjóði áður en dagpeningagreiðslur hófust skulu eiga óskertan rétt í orlofssjóði meðan á dagpeningagreiðslum stendur.

## f) *Lífeyrisþegar*

Þeir sjóðfélagar sem njóta fullra réttinda í OBHM við töku lífeyris geta greitt ævigjald<sup>6</sup> kr. 20.255 kr. m.v. vísitölu neysluverðs í 2021 til að viðhalda sjóðaðild og fá við greiðslu þess 72 punkta Um frekari punktaávinnslu er ekki að ræða<sup>7</sup>. Ævigjald er reiknað út í janúar ár hvert.

## g) *Óvirkir sjóðfélagar*

Sjóðfélagar eru skráðir óvirkir á meðan ekki er greitt vegna þeirra í sjóðinn nema þeir sem falla undir b,c,d og e lið þessarar greinar.

---

<sup>2</sup> Samþykkt á ársfundi sjóðsins 9. apríl 2019 og staðfest á aðalfundi BHM 23. maí 2019.

<sup>3</sup> Skila þarf staðfestingu frá VMST (Vinnuálastofnun) um að viðkomandi sé á atvinnuleysissskrá.

<sup>4</sup> Skila þarf afriti af örorkuskírteini.

<sup>5</sup> Skila þarf staðfestingu frá yfirmanni.

<sup>6</sup> Skila þarf inn staðfestingu (t.d. skjáskot af launaseðli) að viðkomandi hafi hafið töku lífeyris.

## 2. Leiga á úthlutunartímabilum

---

**Úthlutunartímabil er:**

**Páskar:** Frá og með miðvikudegi fyrir páska í eina viku.

**Sumar:** Frá fyrsta föstudegi í júní í 11 vikur.

*a) Forgangur sjóðfélaga*

Einungis sjóðfélagar geta sótt um og pantað orlofskosti á úthlutunartímabilum.

*b) Umsóknir*

Umsóknnum skal skila rafrænt í gegnum orlofsvef OBHM, [www.orlof.is/bhm/](http://www.orlof.is/bhm/).

*(i) Gildi umsókna*

Aðeins þær umsóknir eru gildar sem skilað er inn á réttum tíma

*(ii) Umsóknarfrestur*

Lok umsóknarfrests vegna dvalar í orlofskostum er auglýstur sérstaklega. Þá gildir eftirfarandi:

- Orlofskostum um páska er í kringum 1. mars.
- Orlofskostum á sumrin er í kringum 15. mars.

*c) Forgangur við úthlutun*

Um forgang innbyrðis milli sjóðfélaga gildir sú regla að sá sem á flesta punkta hlýtur úthlutun. Ef umsækjendur eru jafnir að punktastöðu skulu eftirfarandi atriði ráða ákvörðun um hver fær úthlutun í eftirfarandi forgangs röð:

- Lengd frá síðustu úthlutun, ef jafn langt er frá henni skal hlutkesti ráða.

Punktafjöldi í lok ársins á undan ræður úrslitum vegna úthlutunar næsta árs.

*d) Takmörkun á úthlutun<sup>8</sup>*

Sjóðfélagi getur ekki fengið úthlutað orlofakosti tvö ár í röð. Sjóðfélagi getur þó bókað þá orlofskosti sem eru enn lausir eftir greiðslufrest og forgangsbókun. Einnig getur sjóðfélagi bókað svokölluð flakkarahús. Ef sjóðfélagi fékk úthlutun og greiddi fyrir hana en gat svo ekki nýtt úthlutun sína, t.d. vegna veikinda, er hægt er að sækja um undanþágu frá þessari reglu til stjórnar OBHM.

*e) Greiðslufyrirkomulag úthlutunar*

Úthlutun vegna dvalar á úthlutunartímabilum ber að greiða í síðasta lagi á eindaga sem er að jafnaði tveimur vikum eftir lok úthlutunar. Ef sjóðfélagi greiðir ekki á eindaga fellur úthlutun úr gildi.

---

<sup>8</sup> Þetta ákvæði tekur ekki gildi fyrr en árið 2022 sökum Covid 19.

**f) Forgangsbókun eftir úthlutun og greiðslutíma**

Þeir sem sækja um en fá ekki úthlutun verða í forgangi um bókun í eina viku eftir að ljóst er hvaða orlofskostir eru lausir. Sama gildir um þá sem ekki náðu að greiða á réttum tíma. Að þeim tíma liðnum gildir fyrir alla sjóðfélaga reglan, fyrstur bókar – fyrstur fær.

**g) Flakkarar<sup>9</sup>**

8% orlofskosta fara ekki í úthlutun en má bóka á sama tíma og þá orlofskosti sem enn eru lausir eftir greiðslufrest og forgangsbókun lýkur. Hér gildir reglan fyrstur bókar fyrstur fær. Þessir kostir skulu vera þversnið af orlofskostum sjóðsins og lágmark eitt af flakkarahúsunum skal vera gæludýrahús. Kynna skal val flakkarahúsa fyrir stjórn sjóðsins.

**h) Frádráttur vegna nýtingar á þjónustu OBHM**

**(i) Punktafrádráttur fyrir orlofskosti við úthlutun**

Fyrir hverja úthlutun á orlofskostum á úthlutunartímabilum eru teknir 96 punktar fyrir vikuvöl.

**(ii) Punktafrádráttur fyrir orlofskosti eftir að úthlutunartímabili er lokið**

Fjöldi daga í dvöl	Punktafrádráttur
6 dagar eða færri	Þá eru teknir 12 punktar
7 til 13 dagar	Þá eru teknir 24 punktar
14 til 20 dagar	Þá eru teknir 48 punktar
21 dagur eða fleiri	Þá eru teknir 96 punktar

ATH. Þetta á við óháð fjölda nátta sem eru leigðar.

**(iii) Punktafrádráttur við afþöntun á orlofskosti**

Við afþöntun er frádráttur punkta bakfærður.

**(iv) Punktafrádráttur fyrir kaup á gjafabréfum og afsláttarmiðum**

Að jafnaði er einn punktur dreginn af sjóðfélaga fyrir hverjar 1.000 kr. í niðurgreiðslu.

**(v) Reglur um frádrátt punkta**

Reglur um frádrátt punkta skal að jafnaði endurskoða árlega.

**i) Brekkuskógur, hús nr. 28 (sérútbúið hús fyrir hreyfihamlaða)<sup>10</sup>**

Hús nr. 28 í Brekkuskógi var sérhannað með einstakling með skerta hreyfigetu í huga og er því sérstaklega gott hjólastólaaðgengi í húsinu. Húsið á að nýtast fyrst og fremst þeim sem eru hreyfihamlaðir og/eða eiga fjölskyldumeðlim eða vin sem er hreyfihamlaður.

Sér umsóknartími er fyrir úthlutunartímabilin (páska og sumar) er á undan hefðbundnu umsóknartímabili fyrir þá sem falla undir þessa grein. Sjá nánari upplýsingar um dagsetningar á orlofsvefnum undir upplýsingar.

<sup>9</sup> Flakkari er orlofskostur sem haldið er frá í úthlutun. Hægt er að bóka þessa orlofskosti eftir að úthlutun og forgangsbókun lýkur. Þá gildir reglan fyrstur bókar fyrstur fær.

<sup>10</sup> Verið er að byggja hús nr. 28 en ákvæðið öðlast gildi um leið og húsið verður tekið í notkun.

**j) Leiga til þeirra sem ekki eru sjóðfélagar**

Einstaklingar, sem ekki eru sjóðfélagar, geta einungis pantað lausa orlofskosti á úthlutunartímabili þegar sjóðfélögum hefur gefist kostur á að fá úthlutað orlofskosti og minna en sólahringur er fram að dvöl. Þeir greiða 50% hærra verð fyrir leiguna.

**k) Lágmark úthlutunartíma**

Ekki er boðið upp á leigu fyrir færri en sjö nætur á úthlutunartímabilum en athugið ef að þrjú sólahringar eða minna eru í dvöl er heimilt að leigja styttra en viku.

**l) Hámark úthlutunartíma**

Hver sjóðfélagi fær aðeins úthlutaðri einni viku á hverju úthlutunartímabili og getur bara leigt eina viku á því tímabili.

**m) Skiptidagur**

Skiptidagur eru almennt á föstudögum – nema annað sé tekið fram á leigusamningi.

**n) Skiptitími**

Skiptitími í orlofskostum er kl:17:00 við komu og kl:12:00 við brottför. Skiptitími í orlofskostum í eigu annarra þá farið eftir reglum á hverjum stað og munu tímasetningarnar standa í leigusamningi.

### **3. Leiga utan úthlutunartímabila**

---

**a) Engir punktar**

Utan úthlutunartímabila gildir reglan fyrir sjóðfélaga, fyrstur bókar – fyrstur fær og orlofspunktur dragast ekki frá.

**b) Opnað fyrir ný leigutímabil**

Frá og með 15. júní ár hvert geta sjóðfélagar pantað orlofskosti til og með 30.september.

Síðan opnast fyrir nýjan mánuð 15. hvers mánaðar eftir það kl: 12:00. Ef 15. þess mánaðar er um helgi eða á almennum frídegi þá opnar fyrir bókanir fyrsta virka dag eftir þann 15.

**c) Skiptitími**

- Komutími er kl: 17:00.
- Brottfaratími er kl: 12:00.
- Nema annað sé tekið fram á leigusamningi.

**d) Hámarksfjöldi bókana**

Hámark 4 bókanir eru á hvern sjóðfélagi utan úthlutunartímabila, nánar til tekið frá enda sumartímabils til upphafs næsta sumartímabils. Utan úthlutunartímabila er mest hægt að bóka tvo orlofskosti í einu á hvern sjóðfélagi sömu helgina nema að orlofskostur sé laus tveimur

sólarhringum fyrir dvöl. Um jól og áramót er ekki leyfilegt að bóka meira en eina eign í Reykjavík og á Akureyri á sama tíma.

*e) Greiðslufyrirkomulag*

Greiða ber með kreditkorti eða debetkorti fyrir bókaða dvöl á orlofsvef sjóðsins.

*o) Brekkuskógur, hús nr. 28 (sérútbúið hús fyrir hreyfihamlaða) <sup>11</sup>*

Hús nr. 28 í Brekkuskógi var sérhannað með einstakling með skerta hreyfigetu í huga og er því sérstaklega gott hjólastólaaðgengi í húsinu. Húsið á að nýtast fyrst og fremst þeim sem eru hreyfihamlaðir og/eða eiga fjölskyldumeðlim eða vin sem er hreyfihamlaður.

Sér umsóknartími er fyrir úthlutunartímabilin (páska og sumar) er á undan hefðbundnu umsóknartímabili fyrir þá sem falla undir þessa grein. Sjá nánari upplýsingar um dagsetningar á orlofsvefnum undir upplýsingar.

*f) Leiga til þeirra sem ekki eru sjóðfélagar*

Einstaklingar, sem ekki eru sjóðfélagar, geta pantað lausa orlofskosti utan úthlutunartímabila þegar minna en sólahringur er fram að dvöl. Sama gildir um sjóðfélaga sem þegar hafa fullnýtt rétt sinn. Formanni og/eða framkvæmdarstjóra er heimilt að leigja öðrum orlofskosti undir sérstökum kringumstæðum. Þeir greiða 50% hærra verð fyrir leiguna.

*g) Stofnanir og hópar*

Heimilt er að leigja stofnunum og hópum, svo sem kórum og öðrum áhugasamtökum, orlofskosti í allt að fjórar nætur frá hádegi á mánudegi til hádegis á föstudegi.

*h) Stjórn og starfsmenn OBHM*

Fulltrúar í sjóðsstjórn Orlofsjóðs OBHM panta með sama hætti og greiða sama gjald og aðrir sjóðfélagar fyrir dvöl í orlofskostum sjóðsins. Ætlast er til að stjórn og starfsmenn sjóðsins fari í eftirlit sem nemur einni helgi á ári án gjaldtöku.

*i) Lágmark leigutíma*

Ekki er boðið upp á leigu fyrir færri en tvær nætur utan úthlutunartímabila.

*j) Hámark leigutíma*

Ekki er boðið upp á leigu fyrir lengri tíma í einu en tvær vikur utan úthlutunartímabila.

## 4. Endurgreiðslur

---

*a.) Afpantanir*

Sjóðfélagi getur afpantað bókun sína með því að senda tölvupóst á [sjodir@bhm.is](mailto:sjodir@bhm.is). Beiðnir um endurgreiðslur eru afgreiddar í samræmi við eftirfarandi ákvæði þessarar greinar:

---

<sup>11</sup> Verið er að byggja hús nr. 28 en ákvæðið öðlast gildi um leið og húsið verður tekið í notkun.

(i) Engin endurgreiðsla

Ef afpöntun á sér stað með of stuttum fyrirvara fæst leigugjald ekki endurgreitt nema ef veikindi hindra dvöl sjóðfélaga eða orlofskostur leigist aftur. Fyrirvari telst of stuttur í eftirfarandi tilvikum:

Tímabil	Endurgreiðsla 0%
Sumarleigutímabil	Ef afpantað með 13 daga fyrirvara eða minna.
Páskar	Ef afpantað með 6 daga fyrirvara eða minna.
Utan úthlutunartímabils	Ef afpantað með 6 daga fyrirvara eða minna.

(ii) 80% endurgreiðsla

Sjóðfélagi getur fengið endurgreiðslu sem nemur 80% leigugjalds í eftirfarandi tilvikum:

Tímabil	Endurgreiðsla 80%
Sumarleigutímabil	Ef afpantað er með 14 daga fyrirvara
Páskar	Ef afpantað er með 7 daga fyrirvara
Utan úthlutunartímabils	Ef afpantað er með 7 daga fyrirvara

(iii) Full endurgreiðsla

Sjóðfélagi fær fulla endurgreiðslu leigugjalds ef honum urðu á mistök við bókun sína. Í þessu tilviki þarf sjóðfélagi að láta skrifstofu vita innan við sólarhring (eða næsta virka dag) frá því að hann greiddi fyrir bókun sína.

b.) **Veikindi**

Ef veikindi hindra dvöl sjóðfélaga fær hann 100% endurgreiðslu óháð því hversu langur tími er í að dvöl í orlofskosti hefjist. Sjóðfélagi þarf að skila inn vottorði frá heilsugæslu ef um veikindi er að ræða á netfangið [sjodir@bhm.is](mailto:sjodir@bhm.is).

c.) **Ef orlofskostur sem sjóðfélagi afpantar leigist aftur**

Sjóðfélagi fær endurgreitt leigugjald sitt að frádregnu 20% afbókunargjaldi ef umræddur orlofskostur er leigður út á þeim tíma sem afpantaður var óháð því hvenær afpöntun átti sér stað.

d.) **Leigu breytt**

- (i) Sjóðfélagi er heimilt að breyta hverri bókun sinni í eitt skipti.
- (ii) Sjóðfélagi er heimilt að breyta bókun sinni með sólahrings fyrirvara innan sömu dagsetninga.
- (iii) Sjóðfélagi er heimilt að breyta bókun sinni með sjö daga fyrirvara ef dagsetningar eru ekki þær sömu.
- (iv) Ef sjóðfélagi færir sig yfir í dýrari leigukost þá greiðir hann mismuninn af leigugjaldinu.
- (v) Ef sjóðfélagi færir sig yfir í ódýrari leigukost er mismunur af leigugjaldi ekki endurgreiddur.
- (vi) Ekki er heimilt að færa bókaða leigu yfir á leigutímabil sem ekki hefur verið opnað fyrir.

*e.) Leigugjald ekki endurgreitt*

Leigugjald er ekki endurgreitt ef eftirfarandi aðstæður eru t.d. til staðar:

(i) Vegna utanaðkomandi aðstæðna sem sjóðurinn ræður ekki við.

*f.) Endurgreitt 50% af leigugjaldi*

(ii) Ef galli eða aðbúnaður hefur rýrt gæði orlofsdvalar endurgreiðir sjóðurinn helming leigugjalds ef ekki hefur verið veittur afsláttur fyrirfram vegna þessa.

(i) Sjóðfélagi þarf alltaf að hafa samband við umsjónarmann á meðan dvöl stendur (eða a.m.k. reynt að hafa samband) og upplýsa umsjónarmann um aðstæður.

Vafamál eru lögð fyrir stjórn OBHM sem úrskurðar í þeim málum.

*g.) Endurgreitt að fullu*

(i) Ef orlofsaðstaða er alls óviðunandi endurgreiðir sjóðurinn 100% leigugjalds.

(ii) Sjóðfélagi þarf alltaf að hafa samband við umsjónarmann á meðan dvöl stendur (eða a.m.k. reynt að hafa samband) og upplýsa umsjónarmann um aðstæður.

(iii) Umsjónarmaður OBHM eða stjórn OBHM þurfa að telja orlofskost sjóðfélaga óíbúðarhæfan, hvort sem er hluta leigutímans eða allan leigutímann.

Vafamál eru lögð fyrir stjórn OBHM sem úrskurðar í þeim málum.

*h.) Gjafabréf, kort og Ferðaávísun*

Ef sjóðfélagi skilar keyptum kortum eða gjafabréfum fær hann endurgreitt í samræmi við kvittun fyrir greiðslu og punktafrádráttur er bakfærður vegna kaupanna að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Sjóðfélagi hefur ekki nýtt viðkomandi vöru.
- Sjóðfélagi hefur ekki fengið viðkomandi vöru afhenta.
- Varan má ekki þegar hafa verið póstlögð af söluaðila til sjóðfélaga.
- Gildistími vöru er ekki liðinn þegar sjóðfélagi biður um endurgreiðslu.

ATH. Vegna endurgreiðslu á Ferðaávísun fara sjóðfélagar inn á vef Ferðaávísunarinnar.

*i.) Ófærð á vegum*

Orlofssjóður OBHM ábyrgist snjósmokstur á föstudögum og sunnudögum á orlofssvæðum en ekki aðra daga. Göngustígar á orlofssvæðum og að orlofskostum eru ekki alltaf ruddir. Orlofssjóður OBHM ábyrgist ekki veðurskilyrði eða færð á þjóðvegum. Ef veður hamla orlofsdvöl og opinberir aðilar (vegagerð, veðurstofa, lögregla eða aðrir) mæla eindregið gegn því að fólk leggi í ferðalög á þeim svæðum þar sem orlofskosti sjóðsins er að finna er leigugjald sjóðfélaga endurgreitt að fullu.



## 5. Skyldur sjóðfélaga

---

a) **Þrifagjald**

Þrifagjald er innheimt að upphæð 25.000 kr og lokað verður fyrir aðgang sjóðfélaga næstu 6 mánuði ef ekki er þrifið nægilega vel að mati umsjónarmanns. Alltaf er farið yfir húsin eftir hverja dvöl. Ef sjóðfélagi greiðir ekki gjaldið þá verður aðgangi sjóðfélagans lokað til viðbótar í 6 mánuði, þá samtals 12. mánuði.

b) **Fjöldatakmörkanir**

Ef sjóðfélagi virðir ekki fjöldatakmörkanir í orlofskostum þá borgar hann sekt sem nemur andvirði leigunnar.

c) **Tjaldvagn, tjald, hjólhýsi og húsbíll við orlofskosti**

Ef það er tekið sérstaklega fram á leigusamningi sem sjóðfélagi fær þegar hann pantar hús að bannað sé að hafa tjaldvagn, tjald, hjólhýsi eða húsbíl við hús þá ber sjóðfélagi að virða þá reglu. Ef sjóðfélagi virðir ekki þá reglu þá borgar hann sekt sem nemur andvirði leigunnar.

d) **Ábyrgð á umgengni**

Sjóðfélagar bera ábyrgð á umgengni við orlofskosti, orlofssvæði og aðrar eigur Orlofssjóðs OBHM eftir almennum reglum skaðabótaréttar og leiguréttar, þ.e. almennt skulu greiddar skaðabætur sem nemur þeim útgjöldum sem tjón bakar sjóðinum ef tjóni er valdið af ásetningi eða gáleysi af sjóðfélagi eða gesti hans. Fylgt skal eðlilegum umgengnisreglum.

e) **Lyklabox**

Sjóðfélögum er bent á að lesa vel leigusamning þar sem fram koma upplýsingar um númer á lyklaboxi.

f) **Týndir lykilar**

Ef sjóðfélagi týnir lykli þá greiðir hann fyrir nýjan lykil, 1.500 kr.

g) **Bann við framsali**

Sjóðfélagi er óheimilt að framselja öðrum leigurétt eða leyfa öðrum óviðkomandi að leigja í sínu nafni.

h) **Gæludýr**

Óheimilt er að hafa hunda, ketti eða önnur gæludýr með í bústaði í eigu OBHM eða á vegum sjóðsins nema sérstaklega komi fram í leigusamningi að það sé heimilt og þá sé fylgt öllum almennum reglum um hundahald. Lausaganga hunda á orlofssvæðum OBHM er stranglega bönnuð.

i) **Brot á reglum**

Áminnt er vegna ásetningsbrota á reglum eða eðlilegum umgengnisreglum og skal leyfa sjóðfélagi að tala máli sínu áður en ákvörðun um áminningu er tekin. Ef annað sambærilegt brot

er framið innan tveggja ára frá því broti sem áminnt var út af missir sjóðfélagi rétt til úthlutunar í tvö ár.

## 6. Persónuvernd

---

### a.) *Persónuupplýsingar sjóðfélaga*

OBHM heitir sjóðfélögum sínum fullum trúnaði um allar þær persónuupplýsingar sem sjóðfélagi gefur upp í tengslum við aðild sína að sjónum. Sendingar úr orlofskerfi OBHM kunna að nota persónuupplýsingar sjóðfélaga, s.s. búsetu, netfang eða símanúmer til að útbúa viðeigandi skilaboð fyrir hann. Persónuupplýsingar frá sjóðfélaga verða ekki afhentar þriðja aðila undir neinum kringumstæðum. Sjóðfélagar geta ætíð afskráð sig og þannig neitað OBHM um notkun á persónuupplýsingum.

## 7. Önnur ákvæði.

---

### a) *Gildistaka*

Reglur þessar voru upphaflega samþykktar í sjóðsstjórn 5. apríl 2001 og tóku gildi 7. apríl 2001.

### b) *Brottfall*

Við gildistöku féllu úr gildi eldri úthlutunarreglur.

### c) *Birting*

Reglurnar skulu birtar á heimasíðu BHM og orlofsvef OBHM.

### d) *Kynning*

Reglurnar voru kynntar á ársfundi fulltrúaráðs sjóðsins hinn 23. maí 2001 og eru kynntar reglulega á öðrum vettvangi eftir atvikum og eru breytingar samþykktar hverju sinni í stjórn og reglurnar uppfærðar á heimasíðu.

### e) *Nýir orlofskostir*

Þegar nýir orlofskostir bætast við er þeim raðað í verðflokk í samræmi við sambærilega orlofskosti sem eru verðlagðir samkvæmt gjaldskrá Orlofssjóðs OBHM sem stjórn sjóðsins samþykkir ár hvert.